



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um innri leigu Klettaskóla

Á fundi borgarráðs 26. mars sl. lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

„1. Kynnt var á fundinum að innri leiga Klettaskóla hækki úr 126 milljónum 2019 í 450 milljónir 2020. Hver er ástæðan fyrir þessari miklu hækkun? 2. Er þessi ákvörðun tengd eins milljarðs framúrkeyrslu á viðhaldi og lagfæringum á Klettaskóla? 3. Var búið að fá fjárheimildir fyrir öllum þeim kostnaði? 4. Ef já þá er óskað eftir samantekt tæmandi talið með vísan í fjárhagsáætlanir s.l. ára. 5. Með þessari gríðarlegu hækkun innrileigu nær Reykjavíkurborg kostnaði pr. nemenda í Klettaskóla upp í sama kostnað pr. nemenda í Arnarskóla. Er þessi snúningur gerður til að Reykjavíkurborg fái meira fjármagn frá Jöfnunarsjóði íslenskra sveitarfélaga í tilraunum til að stoppa upp í framúrkeyrsluna sem framkvæmdir og viðhald Klettaskóla kostaði Reykjavíkurborg? 6. Liggur eitthvert fjárhagslegt mat fyrir sem útskýrir og rökstyður þessa miklu hækkun á innri leigu um 324 milljónir á milli ára og til framtíðar? Ef svo er – er óskað eftir því að borgarráð fái það sent. 7. Hvað fékk Reykjavíkurborg greidda háa fjárhæð frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna Klettaskóla á árunum 2015, 2016, 2017, 2018, 2019, áætlun 2020 og áætlun 2021 þegar framkvæmd hækkunar innri leigu Klettaskóla er komin til fullrar framkvæmdar?“

Svar:

1. Samkvæmt leikreglum er innri leiga 8,5%/ári af framkvæmdakostnaði. Ákvörðun innri leigu er því í beinu hlutfalli við framkvæmdakostnað.
2. Ekki er um að ræða sérstaka ákvörðun. Samkvæmt leikreglum er innri leiga 8,5% af framkvæmdakostnaði á ári.
3. Gerð er grein fyrir skiptingu fjárheimilda og framkvæmdakostnaðar í skilamati sem var lagt fram á fundi borgarráðs 11. júní sl.
https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/7_klettaskoli_skilamat_framkvaemda.pdf
4. Samantekt er í skilamati sem var lagt fram á fundi borgarráðs 11. júní sl.
https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/7_klettaskoli_skilamat_framkvaemda.pdf
5. Nei, enda er innri leiga reiknuð út frá framkvæmdakostnaði..
6. Samkvæmt leikreglum er innri leiga 8,5% af framkvæmdakostnaði á ári. Raunkostnaður ákvarðar því innri leigu.
7. Greiðslur Jöfnunarsjóðs er vegna þjónustusamnings við Reykjavíkurborg um sérskóla og er ekki sérstaklega sundurliðaður vegna Klettaskóla. Sjá meðfylgjandi samning.

Eftirfarandi greiðslur eru vegna samnings frá 2015 og áætlun 2020 og 2021.

2015 1.171 m.kr.
2016 1.162 m.kr.
2017 1.192 m.kr.
2018 1.293 m.kr.
2019 1.360 m.kr.
áætlun 2020 1.517 m.kr.
áætlun 2021 1.600 m.kr.

Reykjavíkurborg fékk auk þess framlag frá Jöfnunarsjóði vegna stofnkostnaðar upp á krónur 176.237.500 árið 2019.

Óli Jón Hertervig
skrifstofustjóri eignaskrifstofu

Hjálagt:
Samningur um sérskóla dags. 3 september 2012.

Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og Innanríkisráðuneyti vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gera með sér svofelldan samning:

1. gr.

Reykjavíkurborg annast allan rekstur þeirra sérskóla og sérdeilda sem staðsett eru í Reykjavíkurborg og starfa á grunnskólastigi. Til grundvallar við gerð samningsins eru lagðir samtals 232 nemendur, sem eiga lögheimili í Reykjavíkurborg. Annars vegar er um að ræða 176 nemendur, sem er sá fjöldi nemenda á grunnskólastigi er féll undir viðmið sérskóla og sérdeilda Reykjavíkurborgar á árinu 2003, og hins vegar viðbótarframlag vegna 56 nemenda á grundvelli vinnu- og viðmiðunarreglna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda. Um er að ræða nemendur sem stunda nám í almennum grunnskólum borgarinnar en falla undir viðmið sérskóla og sérdeilda. Reykjavíkurborg nýtur allra réttinda og annast jafnframt allar skyldur sveitarfélaga varðandi þá sérskóla og sérdeildir, sem samningur þessi tekur til.

2. gr.

Grunnskólanemendur, sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, skulu eiga kost á skólavist í sérskólum og sérdeildum á vegum Reykjavíkurborgar, enda greiði viðkomandi sveitarfélög allan kostnað við skólagöngu þeirra. Sérstakt samkomulag skal gert um skólavist þessara nemenda milli Reykjavíkurborgar og viðkomandi sveitarfélags. Auk þess sem hér að framan greinir veitir Reykjavíkurborg nemendum, óháð lögheimilissveitarfélagi, skólavist í Brúarskóla við Dalbraut og að Stuðlum án þess að til komi sérstök greiðsla meðan á innlögn viðkomandi nemenda stendur á BUGL eða að Stuðlum.

3. gr.

Reykjavíkurborg annast, án sérstakrar greiðslu, ráðgjafarþjónustu vegna fatlaðra grunnskólanemenda samkvæmt beiðnum frá grunnskólum í sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar. Ráðgjafarþjónustan tengist starfsemi Brúarskóla, Klettaskóla og Táknaálssviðs Hlíðaskóla. Aðeins er gert ráð fyrir að ráðgjöfin fari fram í framangreindum sérskólum og/eða með rafrænu formi og símleiðis. Um aðra ráðgjöf skal semja sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

4. gr.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að gera á samningstímanum breytingar á rekstri sérskóla eða sérdeilda, sem hafa í för með sér tilfærslur á nemendum og fjármunum á milli stofnana og skóla, enda verði slíkar breytingar gerðar í samráði við stjórnendur og fagfólk viðkomandi skóla/stofnunar og hafa ekki áhrif á þjónustustig.

5. gr.

Vegna samnings þessa greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga Reykjavíkurborg árlega framlag að upphæð 898,0 m.kr. og skal framlagið greitt með 12 jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Framlagið tekur sömu hlutfallslegu breytingum á milli ára og verður á tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tengslum við yfirfærslu grunnskólans er nema 0,77% af útsvarstofni. Taka skal mið af hlutfallslegum breytingum á milli tveggja næstliðinna tekjuára.

6. gr.

Gildistaka

Samningur þessi, sem byggður er á B-lið, 4. gr. reglugerðar, nr. 351/2002, um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla með síðari breytingum, gildir frá 1. janúar 2012. Þá fellur jafnframt úr gildi samningur milli sömu aðila, dags. 19. desember 1997, um yfirtöku Reykjavíkurborgar á rekstri sérskóla og sérdeilda.

Samningur þessi gildir um greiðslur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna alls ársins 2012. Reikna skal út hvert mánaðarlegt framlag sjóðsins hefði átt að vera fyrir mánuðina janúar til og með maí 2012 og skal greiða mismuninn með mánaðarlegri greiðslu vegna júní 2012, sbr. 5. gr. hér að framan. Samningurinn gildir einnig um greiðslur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna árunna 2013 og 2014. Samningsaðilar gera ráð fyrir því að eigi síðar en 1. júlí 2014 verði komið til framkvæmdar nýtt fyrirkomulag varðandi mat á þjónustubörf fatlaðra barna, sem m.a. taki til skólagöngu þeirra. Sex mánuðum áður en nýtt fyrirkomulag tekur gildi, og eigi síðar en 31. desember 2013, munu samningsaðilar koma saman og taka afstöðu til framlengingar þessa samnings eða gerðar nýs samnings, að teknu tilliti til þess hvenær nýtt fyrirkomulag kemur til framkvæmda. Stefnt er að því að nýr samningur, sem komi í stað þessa samnings, verði ótímabundinn og lýsi því hvernig jöfnunarkerfi vegna stuðningsþarfa fatlaðra barna í grunnskóla eigi að virka innan ákveðins ramma, hvert sé innleiðingartímabil nýs jöfnunarkerfis og hvaða frávik kalli á endurskoðun. Samhliða undirritun þessa samnings mun Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fara þess á leit við innanríkisráðherra að breyting verði gerð á B-lið 4. gr. reglugerðar, nr. 351/2002, um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla með síðari breytingum, þannig að sú reglugerð endurspegli samkomulag þetta. Kemur samningurinn til framkvæmdar samhliða reglugerðarbreytingunni.

Ákvæði til bráðabirgða

Á árinu 2012 fer fram lokauppgjör á framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Reykjavíkurborgar vegna reksturs sérskóla og sérdeilda á árinu 2010. Uppgjörið tekur mið af framlagi sem nemur 0,210% af endanlegum útsvarstofni Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010 að teknu tilliti til greiðslna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Reykjavíkurborgar sama ár.

Á árinu 2013 skal fara fram lokauppgjör á framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Reykjavíkurborgar vegna reksturs sérskóla og sérdeilda á árinu 2011. Uppgjörið tekur mið af framlagi sem nemur 0,210% af endanlegum útsvarstofni Reykjavíkurborgar fyrir árið 2011 að teknu tilliti til greiðslna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Reykjavíkurborgar sama ár.

Reykjavík, 3. september 2012


f.h. Reykjavíkurborgar


Jón Gnarr, borgarstjóri

f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga


Karl Björnsson, framkvæmdastjóri

f.h. Innanríkisráðuneytis vegna
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga


Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri